

Stjórnarfundur ÍPS 17.10.2024



Fundur settur Kl. 16:00

Mætt voru Matthías, Ásgrímur, Viktoría og Steinunn. Fjarverandi voru Brynja og Pétur

Matthías bauð sig fram sem fundarritara og var það samþykkt

Byrjað var að ræða kvartanir foreldra U18 leikmanna yfir landsliðsþjálfara U18 í stúlknaflökki. Málín voru rædd og ákvörðun tekin að framlengja ekki samning landsliðsþjálfarans en samningurinn mun renna út í lok ársins 2024. Þar sem stöður U18 landsliðsþjálfara í drengja- og stúlknaflökki verða lausar í lok árs 2024 mun ÍPS óska eftir bæði umsóknum í þessar stöður sem og umsóknum í barna- og unglíngaráð á næstu vikum þar sem mikilvægt er að halda áfram því góða starfi sem unnið hefur verið undanfarið.

Rætt var um Íslandsmótið í 301 og mikilvægi þess að senda þeim aðildarfélögnum sem halda mót á vegum ÍPS að snyrtilegur klæðnaður sé áskilinn, og að mótstjórn þurfi að senda inn mótaskýrslu að móti loknu sem þarf að innihalda m.a. þá keppendur sem mótstjórn áminnti eða vill að ÍPS gefi áminningu.

Rætt um Floridana deildina, verkaskiptingu, klæðnað keppenda, ofl. Mótstjórn hefur leyfi til að áminna keppendur sem mæta í klæðnaði sem mótstjórn telur ekki löglegan og mun ÍPS senda áminningar til keppenda eftir að skýrsla mótstjóra berst sambandinu.

Úrvalsdeildin – Skipulagið gengur vel, reiknum með mikilli stemmingu. Miðasala á Selfoss og Akureyri hafin.

Óskráðir keppendur – Gjaldkeri búinn að taka saman lista. Senda þarf á aðildarfélögin og láta vita og biðja um að ÍPS gjald verði greitt fyrir þessa leikmenn.

Beiðni frá Grindavík barst um að færa lokaumferð Floridana, ákveðið að færa hana fram á laugardaginn 9. nóvember ef Bullseye samþykkir. 10. Nóvember er ár liðið frá hamförunum í Grindavík og ætlar bærinn að hafa sérstakan dag í Grindavík til að minnst þess og fagna opnun bæjarins.

ÍPS verður 40 ára á næsta ári, hugmynd að vera með árshátíð/skemmtimót til að fagna tímamótunum. Stofna þarf nefnd til að vinna að skipulagningu.

Dagatal 2025 – Rætt að gefa einungis út dagatal fyrir fyrstu 6 mánuði ársins til að koma í veg fyrir árekstra ef breyta þarf dagsetningum á mótum á seinni hluta árs. Einnig rætt sú hugmynd að færa Floridana deildina yfir á laugardaga á næsta ári.

Píluping 2025 – Rætt að hafa þingið 1. mars en dagsetning ekki fest niður.

Fundi slitið kl. 17:42